

Aukinn stuðningur atvinnulífsins 200 milljón króna framlag til HR

Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins og Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun hafa tekið höndum saman um að styðja við og efla háskólastarf á Íslandi með 200 milljón króna framlagi til Háskólans í Reykjavík.

Þetta kom fram í ávarpi dr. Ara Kristins Jónssonar, rektors Háskólans í Reykjavík, við útskriftarathöfn HR sem haldin var í Hörpu 19. júní. Í ræðu sinni sagði Ari Kristinn m.a.: „Í ljósi þess hve mikilvægur Háskólinn í Reykjavík er íslensku atvinnulífi hafa bakhjarlar skólans - Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins og Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun - tekið höndum saman um að styðja við og efla háskólamenntun og rannsóknir á Íslandi með 200 milljón króna framlagi til skólans. Þetta framlag er mikilvæg lyftistöng fyrir Háskólann í Reykjavík en um leið markar það fyrsta skrefið í þá átt að halda áfram



öflugri uppbyggingu skólans. Með þessu framlagi er atvinnulíf landsins að sýna í verki að fjárfesting í háskólamenntun er

fjárfesting í framtíð atvinnulífs og samfélags.“

Ari Kristinn undirstrikaði mikilvægi öflugs háskólastarf fyrir íslenskt samfélag og sagði það spila lykilhlutverk í samkeppnishæfni atvinnulífs. Það ætti bæði við um menntun starfsfólks sem og rannsóknir til nýsköpunar.

„Staðreyndin er því miður sú að þó miklar framfarir hafi orðið á undanförunum árum, þá teljumst við enn ekki vel menntuð þjóð, því hlutfall háskólamenntaðra er lægra hér en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Þetta má vel lesa í ýmsum samanburðarskýrslum, en það sem kannski lýsir þessu best er að í því mikla atvinnuleysi sem við glíum nú við, þá stendur vöntun á vel menntuðu fólki vexti fyrirtækja fyrir þrifum. Sem þjóð, þá verðum við því að taka okkur þessa útskriftarnema og þá sem með þeim hafa unnið til fyrirmyndar og fjárfesta í framtíð okkar með fjárfestingu í háskólamenntun. Það sem til þessa hefur verið

framhald bls. 5



framhald bls. 4

Fyrir nákvæmlega öld síðan fögnuðu Íslendingar aldarafmæli sjálfstæðisbaráttuhetjunnar Jóns Sigurðssonar forseta. Í Reykjavík bar hæst á góma stofnun Háskóla Íslands við hátíðlega athöfn í Alþingishúsinu. Það sem færri vita er að áður en Háskóli Íslands var formlega stofnaður var opnuð stór og vegleg sýning í Barnaskóla Reykjavíkur (Miðbæjarskólanum). Frumkvæði að því að halda Iðnsýningu í Reykjavík 1911 kom frá Iðnaðarmannafélagi Reykjavíkur, sem stofnað hafði verið árið 1867. Páll Þorkelsson gullsmiður mun fyrstur, með greinum í Ingólfi 1907, hafa vakið máls á því að fæðingardagur Jóns Sigurðssonar væri réttur dagur til þess að hefja sýninguna. En oftast en einu sinni hafði staðið til að halda aðra og betri sýningu

bls. 2



Skynsemin
látin lönd og leið

bls. 3

Vaxtahækkun
væri salt í sárið


- Orri Hauksson, Bjarni Már Gylfason

bls. 4



Kjarasamningar
staðfestir þrátt
fyrir vaneindir
ríkisstjórnar

bls. 5



Málm-
tækni-
bókin

bls. 8



Félagsmanni
SI dæmdar
skaðabætur

Skynsemin látin lönd og leið

Sterk öfl í samfélagi okkar hafa litla strú hagrænum lögmálum. Einstaka stjórnáráðgjafi og hreyfingar virðast trúa því að með pólitíska hugsjón að leiðarljósi megi búa til betra og sterkara samfélag jafnvel þótt það þýði að horfa þurfi framhjá augljósum hagrænum sjónarmiðum. Hugtök eins og hagvöxtur, fjárfesting, atvinnustig, skilvirkni og hagkvæmni víkja fyrir pólitískum sérhagsmunum. Þessi ádeila hefur verið áberandi í umræðum um uppbyggingu í stóriðju, samgönguframkvæmdir og nú síðast í tengslum við þá breytingu á fiskveiðistjórnunarkerfinu sem stjórnvöld eru að reyna koma á. Þar er verið að torþryggja skynsamlegar niðurstöður hagfræðinga og sagt að horfa þurfi til „annarra sjónarmiða“. En hverju skilar þessi hugsun okkur? Er skynsemin látin lönd og leið?

Atvinnuleysi á Íslandi er í sögulegu

hámarki en fjárfesting er hins vegar í sögulegu lágmarki. Þróun þessara lykilhagstærða er nátengd í sterku sögulegu samhengi þar sem hátt fjárfestingastig helst náði í hendur við lítið atvinnuleysi og öfugt. Um þessar mundir er fjárfesting aðeins um 13% af landsframleiðslu sem er næstum tvöfalt lægra en meðaltal síðustu fjórtíu ára. Atvinnuleysi er um 8% sem er birtingarmynd þess mikla framleiðslulaka sem verið hefur í íslenska hagkerfinu síðastliðin tvö ár.

Líklega eru allir sammála um mikilvægi þess að draga úr atvinnuleysi enda eitt mesta þjóðfélagsból sem til er. Atvinnuleysi þýðir að vinnufúsar hendur sitja heima og geta samfélagsins til að framleiða verðmæti er vannýtt. Aukin framleiðsluverðmæti verða að kaupmætti þeirra sem inna vinnuna af hendi. Atvinnuleysi er í raun hrein sóun. Því til viðbótar framleiðslufórninni sem við




Bjarni Már Gylfason
hagfræðingur SI

færum leggjast þungar byrðar á þá sem enn eru í vinnu þegar atvinnuleysisbætur og annar kostnaður leggst á samfélagið í formi skattheimtu. Það er því allra hagur að vinna bug á þessu meini.

En fyrst samhengi fjárfestingar og atvinnuleysis er svona augljóst skyldi maður ætla að róíð væri öllum árum við að lyfta fjárfestingunni. Svo er því miður ekki og virðist ástæðan m.a. haldast í hendur við þá trú sumra að skynsamlegt sé að víkja frá skynsamlegum hagrænum sjónarmiðum. Sjávarútvegurinn er í uppnámi vegna yfirvofandi breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Fyrir vikið er fjárfesting og endurnýjun á búnaði í lágmarki. Stjórnvöld virðast hafa skýr markmið um að koma í veg fyrir margvíslegar virkjanafarmkvæmdir og tilsvarendi uppbyggingu á orkufrækum iðnaði, sérstaklega í álíðnaði. Fyrir vikið eru náttúruauðlindir okkar vannýttar sem og tækifæri til að draga til okkar beina erlenda fjárfestingu. Loks er ekki neinn pólitískur vilji til að hrinda af stað arðbærum vegafarmkvæmdum. Á öllum þessum sviðum væri hægt að lyfta fjárfestingunni verulega ef raunverulegur vilji væri fyrir hendi. Afleiðingin yrði aukin atvinna og nýgerðir kjarasamningar myndu öðlast tilverugrundvöll. En þegar skynsemin er lögð til hliðar og horft framhjá augljósum hagrænum sjónarmiðum með pólitíska sérhagsmuni að leiðarljósi bíður okkar ónógur hagvöxtur og hátt atvinnuleysi.

Með skynseminna að vopni getum við rutt hindrunum úr vegi, unnið bug á atvinnuleysi og skapar okkur betra líf.



Ef horft er á sögulegt samband milli atvinnuleysis og fjárfestingar sem hlutfall af landsframleiðslu sést orsakasambandið glögglega. Hátt fjárfestingastig helst náði í hendur við lágt atvinnuleysi og öfugt. Atvinnuleiðin út úr efnahagsörðugleikum byggir því á aukinni fjárfestingu.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Vaxtahækkun væri salt í sárið

Við síðustu vaxtaákvörðun ákvað Seðlabankinn að hreyfa ekki við stýrivöxtum en gaf skýrt til kynna að vaxtahækkun kunni að vera í kortunum og vísaði til aukinnar verðbólgu sem helstu ástæðu þeirrar stefnubreytingu. Vissulega hefur verðbólga aukist nokkuð og kjarasamningar munu að óbreyttu ýta undir hækkandi verðlag. En vaxtahækkun inn í þann mikla slaka sem er í hagkerfinu væri eins og að strá salti í sárið á hagkerfi sem nú reynir af veikum mætti að rísa á ný.

Verðbólgan sem nú mælist er að mestu kostnaðartengd, annaðhvort vegna breytinga á sköttum og opinberum gjöldum eða hrávöruverðshækkunum að utan. Hærrí vextir munu ekki bíta á þessa verðbólgu, sérstaklega ef horft er til þess að við búum við gjaldeyrishöft og vaxtaávarðanir hafa því lítil áhrif gengi krónunnar.

Seðlabankinn segir að nýir kjarasamningar samrýmist ekki verðbólguþætti Seðlabankans. Vaxtaávarðanir Seðlabanka munu hins vegar engu breyta um efndir kjarasamninga, nema bankinn sé með hótunum um vaxtahækkunir að þrýsta á atvinnulíf að framlengja ekki samningana. Hærrí vextir munu aðeins veikja möguleika atvinnulífsins á að standa undir launa-

hækkunum. Nýir kjarasamningar byggja á forsendum um að fjárfestingar taki við sér og að hagvöxtur aukist með tilsvarendi hætti. Verði það raunin er minni hættu á að launahækkunir ýti undir verðbólgu en því miður er ekki margt sem bendir til að fjárfestingar séu að aukast. Yfirlýsingar Seðlabankans auka ekki á þá bjartsýni.

Vandséð er hvernig vaxtahækkun geti hjálpað hagkerfinu þótt verðbólga sé nokkur. Sá litli vöxtur sem mælist í fjárfestingu dugur skammt til að örva hagkerfið og getur hæglega gengið til baka. Lán fyrirtækja og heimila eru í auknum mæli óverðtryggt og vaxtahækkun mun draga úr einkaneyslu af þeim sökum. Hærrí vextir hækka fjármögnunarkostnað ríkissjóðs sem á endanum verður borinn uppi af skattgreiðendum. Hærrí vextir munu einfaldlega auka enn frekar á slakann í hagkerfinu.

Í raun má segja að yfirlýsingar Seðlabankans séu undarlegar þar sem afleiðingar hærrí vaxta vinna gegn öðrum markmiðum, s.s. um afnám gjaldeyrishafta. Ein helsta forsenda afnáms þeirra er að fjárfestingar taki við sér og að efnahagslífi styrkist.

Með yfirlýsingu sinni sýnir Seðlabankinn að hann einblínir enn á þröngt verð-

bólguþætti. Seðlabankinn kann bara eitt ráð til að berjast gegn verðbólgu sem er að hækka vexti - sú leið hefur hingað til ekki leitt af sér neitt gott fyrir íslenskt efnahagslíf. Trúverðugleiki bankans og peningastefnunnar er lítil og vaxtahækkun mun ekki skila árangri við þær aðstæður sem nú eru í hagkerfinu. Við stjórnvöllinn eru sömu menn og hönnuðu peningastefnuna sem á árunum 2004-2008 olli svo miklu ójafnvægi í þjóðarþúinu og átti sinn þátt í falli krónunnar. Á sama tíma og unnið er að afnámi gjaldeyrishafta er leitað á náðir sömu hugmyndafræði og hingað til hefur ekki gengið. Litlar líkur eru á að vaxtahækkun nú slái á verðbólgu. Raunar gæti hún þvert á móti aukið á verðbólgu og aukið enn frekar líkur á langarandi stöðnun í íslensku hagkerfi.

Þráhyggja Seðlabankans varðandi verðbólguþætti er þvert á stefnu seðlabanka í hinum vestræna heimi sem hafa lagt alla áherslu á að örva hagvöxt. Þrátt fyrir að vextir á Íslandi séu í sögulegu lágmarki og að verðbólga hafi nokkuð aukist eru raunvextir enn býsna háir hér á landi. Í Bretlandi er verðbólga 4,5% en stýrivextir 0,5% og raunstýrivextir neikvæðir um 4%. Í Bandaríkjunum er verðbólgan 3,57% en stýrivextir 0,25% og í Evrópu, þar sem íhaldssemin er einna mest eru vextir 0,5% og verðbólga 2,75%. Alls staðar virðist áherslan í peningamálum vera á að styðja við hagvöxt, nema á Íslandi þar sem nú er verið að hótta vaxtahækkun. Eðlilegt er að spyrja hvernig íslenskt atvinnulíf eigi að rétta úr kútnum við miklu hærra nafn- og raunvaxtastig en keppinautar víða um heim. Á hvaða vegferð er Seðlabanki Íslands sem fyrir fáeinum mánuðum var í hröðu vaxtalækkunarferli vegna mikils slaka í hagkerfinu?

Eina raunhæfa leiðin til að vinna gegn verðbólgu og draga úr framleiðsluslaka er að styðja við hagvöxt og atvinnu. Einungis þannig má tryggja að atvinnulífi undir kjarasamningum og þurfi ekki að velta öllum kostnaðarhækkunum út í verðlagið. Launþegar og atvinnurekendur höfðu skýra sýn við gerð kjarasamninga um hvernig hægt væri að vinna sig út úr þessum erfiðleikum. Seðlabankinn er því miður á annarri vegferð.

Orri Hauksson framkvæmdastjóri SI
Bjarni Már Gylfason hagfræðingur SI

Prýði
Verk í höndum meistara

Prýði, hópur þjónustuiðngreina innan SI, hafa gert samkomulag við ungt par um að sjá um undirbúning sem lýtur að væntanlegu brúðkaupi þeirra þeim að kostnaðarlausu. Athöfnin fer fram á Ljósanótt í Reykjanesbæ og verður gestum hátíðarinnar boðið að fylgjast með hluta af undirbúningi s.s. förðun, hárgreiðslu og ljósmyndun.

Prýði og SI munu útvega brúðhjónunum tilvonandi, þeim Magnúsi Sverri Þorsteinssyni og Guðrúnu Sædal Björgvinsdóttur, giftingahringa, brúðarkjól, herra-jakkaföt, höfuðskraut, hársnyrtingu, snyrtiþæði og ljósmyndatöku. Á móti samþykka brúðhjónin að koma fram í kynningu á Prýði og þeirri fagmennsku sem félagsmenn búa yfir.

Prýði – í höndum meistara er nafn á hópi þjónustuiðngreina innan Samtaka iðnaðarins. Um er að ræða samstarfsvettvang fimm fagfélaga. Hlutverk Prýði er annars vegar að stýra sameiginlegu markaðsstarfi út á við og hins vegar öflugum fagstarfi og stefnumótun í menntamálum.

Þau fagfélög sem standa að baki Prýði eru: Meistarafélag í hárgreiðslu, Ljósmyndarafélag Íslands, Félag íslenskra gullsmíða, Félag íslenskra snyrtifræðinga og Klæðskera- og kjólameistarafélagið.

Hörður G. Kristinsson hlýtur Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs 2011



Hörður G. Kristinsson sem er rannsóknarstjóri Matís tók við viðurkenninguinni úr hendi forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur sem jafnframt er formaður Vísinda- og tækniráðs.

Í stöfum sínum hefur Hörður sýnt að hann er afbrigðs vísindamaður, kennari og stjórnandi. Hann hefur sýnt frumkvæði og veitt forystu við uppbyggingu á nýju fræðasviði sem nú þegar er farið að skila arði inn í þjóðarbúið. Hann er góð fyrirmynd nemenda og samstarfsmanna og lykilstarfsmaður í vaxandi fyrirtæki. Það var einróma álit dómnæfndar hvatningarverðlaunanna að Hörður uppfylli öll viðmið hennar og sé því verðugur handhafi Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs 2010.

Hörður lauk grunnnámi í líffræði frá Háskóla Íslands 1996. Í meistaranámi við Washington háskóla í Seattle vann hann við rannsóknir á nýtingu auka-

afurða sjávarfangs með notkun ensíma. Árið 2001 lauk hann doktorsnámi í matvælalífefnafræði frá Massachusetts háskóla þar sem hann lagði stund á rannsóknir á eiginleikum fiskipróteina. Hörður flutti til Íslands 2007 og hóf störf hjá Matís árið 2008 en gegnir jafnframt dósentstöðu við Flóríðaháskóla.

Hörður hefur verið brautryðjandi við að byggja upp rannsóknir á lífefnum og lífvirkum efnum úr íslenskri náttúru. Hann gegndi lykilhlutverki við uppbyggingu á Líftæknisetri Matís á Sauðárkróki sem opnaði 2008. Rannsóknir Harðar hafa haft mikið hagnýtt gildi og er hann handhafi þriggja birtra einkaleyfa. Hann hefur birt efni um rannsóknir sínar í virtum ritrýndum vísindaritum og flutt fyrirlestra á ráðstefnum víða um heim. Hann stýrir nokkrum fjölþjóðlegum rannsóknarverkefnum og er virkur í kennslu en doktorsnemar hans eru orðnir tíu talsins og meistaranemarnir nýu.

Um hvatningarverðlaunin

Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs eru veitt vísindamanni sem snemma á ferlinum þykir hafa skarað framúr og skapi væntingar um framlag í vísindastarfi er treysti stoðir mannlífs á Íslandi. Verðlaunin, sem eru nú tvær milljónir króna, hafa verið veitt frá árinu 1987, í fyrsta sinn á 50 ára afmæli atvinnudeildar Háskóla Íslands. Markmiðið með veitingu Hvatningarverðlaunanna er að hvetja vísindamenn til dáða og vekja athygli almennings á gildi rannsókna og starfi vísindamanna.

SA staðfesta kjarasamninga þrátt fyrir vanefndir ríkisstjórnar Íslands

Samtök atvinnulífsins hafa ákveðið að staðfesta gildistöku kjarasamninga frá 22. júní 2011 í samræmi við ákvæði kjarasamninganna sem undirritaðir voru 5. maí sl. Með því öðlast samningarnir gildi til 31. janúar 2014. Forsendur samninganna verða metnar af sérstakri forsendunefnd aðila í janúar 2012 og janúar 2013 og ef þær standast halda þeir gildi sínu. Ef forsendur standast ekki getur annað tveggja gerst, að þeir haldi gildi sínu með breytingum sem aðilar koma sér saman um eða að þeim verði sagt upp af öðrum hvorum aðila eða báðum og verða þeir þá lausir, annað hvort frá 1. febrúar 2012 eða 1. febrúar 2013.

Sjá nánar á www.sa.is



Mótmæla eingreiðslum

Stjórn MÁLMS - samtaka fyrirtækja í mál- og skipaiðnaði telur fagnaðarefni að tekist hefur að gera heildarkjarasamning sem vonir standa til að standi næstu þrjú árin. Ljóst er að með honum er tefla fyrir tækin á tæpasta vað með launa- hækkanir og þær nú þegar orðnar mjög íþyngjandi.

Stjórn MÁLMS hefur nú þegar kynnt stjórn SI alvarlegar athugasemdir við eingreiðslur í samningnum sem ætlaðar eru til að bæta launþegum upp að dregist hefur frá áramótum að ganga frá umræddum samningi. Til skamms tíma hafa heildarsamtökin – VSÍ og síðar SA – staðið föst gegn slíkum eftirá greiðslum þar sem effitt – og jafnvel ógjörningur – er að innheimta fyrir þær þar sem uppgjör verka hefur í flestum tilvikum þegar farið fram.

Þess vegna mótmælti stjórn MÁLMS við stjórn SI þessari breyttu stefnu SA í kjarasamningagerðinni og óskar eftir að SI beiti sér fyrir því að hún verði ekki endurtekin í næstu kjarasamningum.

Framhald af forsíðu

Iðnsýning 17. júní 1911

en þá sem Iðnaðarmannafélagið hafði staðið fyrir árið 1883. Í einkaskjalasafni Jóns Halldórssonar trésmíðs sem hvað ötulast hafði unnið að undirbúningi sýningarinnar er meðal annars að finna hálsþening merktan: „Iðnsýningin í Reykjavík 17. júní 1911. Verkið lofar meistaranum“. Á sýningunni voru um 1100 munir. Dýrasti gripurinn (gullbelti) var virtur á 6.000 krónur. Auk hinnar eiginlegu iðnsýningar var einnig sýndur fjöldi muna frá Barnaskólunum í Reykjavík og á Akureyri; Kvinnaskólanum, Kennarskólanum og Landakotsskólanum. Þessi

sýning var miklu fjölbreyttari en hin fyrri. Þar voru sýnishorn af nálega öllu, sem unnið er hér á landi, og á einhvern hátt getur talist til iðnaðar. Sýningargripir komu víðsvegar að af landinu, svo það má með sanni segja, að sýningin hafi verið þjóðleg, og sýnt glögga mynd af þroska iðnaðarins hér á landi á þeim tíma. Mikið fjölmenni kom til að skoða sýninguna og veitt voru verðlaun 122 sýnendum. Verðlaunin voru silfurpeningar, eirpeningar og heiðursbréf eins og á sýningunni 1883.

Mikilvæg niðurstaða - erlendu lánin ólögleg

Hæstiréttur staðfesti þann 9. júní dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Landsbankans gegn þrotabúi Mótormax. Deilt var um lán, sem Landsbankinn taldi að fæli í sér skuldbindingu í erlendra mynt. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að lánið væri í íslenskum krónum en gengistryggt og þar með ólöglegt.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI fagnar því að niðurstaða sé fengin í þessu mikilvæga prófmáli. SI hafi verið að styrkja prófmál vegna annarra en svipaðra samninga varðandi fjármögnunarleigusamninga en Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi slíka samninga ólöglega í nýgengnum dómi. „Þessi niðurstaða Hæstaréttar rennir enn styrkari stoðum undir niðurstöðu Héraðsdóms sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Þessir dómur munu nýtast mörgum okkar félagsmönnum í að aflétta óvissu og byggja upp rekstur sinn til lengri tíma“.

Orri segir það vera ánægjuefni að óvissu um erlend lán fyrirtækja hafi nú verið eytt, bæði fyrir fyrirtækin en ekki síður fyrir bankakerfið og atvinnulífið í heild sinni. „Eitt af því sem hefur staðið í vegi þess að fjárfestingar taki við sér er mikil óvissa um efnahagsreikning fyrirtækjanna og bankanna líka. Lítil fjárfesting veldur því svo að útflutningur er ekki að aukast sem skildi þrátt fyrir að lágt raungengi og hátt atvinnuleysi helst í hendur við litla fjárfestingu. Nú er staðan skýrari sem ætti að auðvelda okkur leiðina út úr kreppunni“, segir Orri.

Í vetur hafa fjölmörg fyrirtæki gengið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og nýtt sér úrræði bankanna í tengslum



við átakið Beinu brautina. „Ég tel líklegt að bankarnir muni endurskoða þau úrræði í ljósi þessa dóms og margt bendir til að bankarnir hafi borð fyrir báru til að taka á sig það högg sem þessi dómur veldur. Til lengri tíma litið hafa allir hag af því að losa um það skuldafen sem fall krónunnar olli og stuðla þannig að sterkara atvinnulífi“, segir Orri.

Framhald af forsiðu

Aukinn stuðningur

lagt í háskóla landsins hefur skilað sér með eindæmum vel því mjög gott starf er unnið þrátt fyrir að framlög hins opinbera á hvern nemanda séu aðeins helmingur þess sem gerist í nágrannalöndunum. Þessu hefur verið stofnað í verulega hættu með þeim niðurskurði sem orðið hefur á undanförunum árum, en nú má það ekki bíða lengur að snúa blaðinu við og fjárfesta í háskólamenntun, því það

er fjárfesting sem mun skila sér á skömmum tíma í auknum hagvexti og bættum lífskjörum fyrir okkur öll.“


470 nemendur voru brautskráðir frá Háskólanum í Reykjavík. 180 voru útskrifaðir frá tækni- og verkfræðideild skólans, 100 frá viðskiptadeild, 74 úr lagadeild, 68 úr tölvunarfræðideild og 48 frá kennslufræði- og lýðheilsudeild.



Mælaborð iðnaðarins

var í upphafi árs kynnt á vef Samtakanna. Þar eru margvíslegar hagtolur, er lýsa stöðu iðnaðarins aðgengilegar með nýstárlegum hætti og byggja á sjálfvirkri uppfærslu gagna.

Starfsskiylrði iðnaðarins og mælaborð iðnaðarins eru arftakar Hagtalna iðnaðarins sem gefnar voru út ásamt almanaki einu sinni á ári í tæp 40 ár. Markmiðið er hið sama og áður sem er að kynna stöðu og starfsskiylrði iðnaðarins í samfélaginu og auka eins og kostur er þekkingu og skilning á þýðingu og vægi iðnaðarins í heild sinni frá ólíkum sjónarhólum.



Málmtækni- bókin

Vatnaskil eru framundan með útgáfu 400 síðna bókar til kennslu í málmiðngreinum. Hún hefur verið þýdd úr dönsku – Smedjebogen og gefin út af IÐNÚ með fjárstuðningi frá Samtökum iðnaðarins. Þessi bók hefur lengi verið talin í hópi bestu kennslubóka fyrir þá sem eru að læra grundvallaratriði í málmiðngreinunum. Þarna er leiðbeint um meðhöndlun málma, handverkfæra, tækja og allt til tölvustýrðra véla. Mikil þörf hefur verið á slíkri bók hér á landi og ætti hún því að verða kennurum og nemendum mikið fagnaðarefni enda ekki vanþörf á í iðngrein sem kallar eftir enn fleiri málmiðnaðarmönnum með bestu grunn- og fagmenntun.

Nú ættu þeir skólar, sem eru um þessar mundir að undirbúa kennslu í málmiðngreinum næsta haust að geta nýtt sér þessa ágætu bók fyrir sig og nemendur sína.



CCP í samstarf við Sony

Í Memorial Sport Arena höllinni í Los Angeles, tilkynntu Sony og íslenski tölvuleikjaframleiðandinn CCP um samstarfssamning sinn um útgáfu á tölvuleiknum DUST 514 á Playstation 3. Tilkynnt var um samstarfið á blaðamannafundi Sony daginn fyrir eina stærstu tölvuleikjaráðstefnu heims, E3 - Electronic Entertainment Expo, sem fram fór í Los Angeles dagna 7.-9. júní.

Á samkomunni steig Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, á svið með Jack Tretton, forstjóra Sony og svipti hulunni af leikjaheim DUST 514 á PlayStation 3 fyrir framan þúsundir áhorfenda, m.a. hundruði blaðamanna alls staðar að úr heiminum.

Þegar tilkynnt var um samstarfið í Los Angeles var því fagnað í höfuðstöðvum CCP í Reykjavík - sem og stærstu skrifstofum fyrirtækisins í Shanghai, Atlanta og Newcastle - þar sem starfsmenn horfðu á beina útsendingu frá kynningunni í Los Angeles Memorial Sports Arena. DUST 514 verður annar tölvuleikur CCP til að fara á markað. Ráðgert er að leikurinn komi út sumarið 2012, og mun þá fylgja í kjölfarið á EVE Online, sem kom út árið 2003, og hefur í dag rúmlega 360.000 áskrifendur um heim allan.



ICEconsult hlýtur önnur verðlaun

Íslenskur hugbúnaður, City Direct frá ICEconsult, hafnaði í öðru sæti í alþjóðlegri samkeppni, „Future Internet Summit Award“, sem haldin er í tengslum við ráðstefnuna „European Summit on the Future Internet“. Markmið hennar er leita uppi nýjar lausnir sem eru líklegar til að hafa afgerandi áhrif á mótun notkunar á internetinu í framtíðinni á ákveðnum sviðum.

City Direct er lausn fyrir sveitarfélög til að gefa íbúum kost á að hafa áhrif á ákvarðanatöku um framkvæmd valdra verkefna með beinum hætti. Margir þekkja verkefnið 1, 2 og Reykjavík, sem notaði fyrri kynslóð þessarar lausnar og gerði íbúum kleift að skrá ábendingar til borgarinnar. City Direct tekur nú næsta skref og gefur íbúum tækifæri til að velja á milli verkefna. City Direct byggir á MainManager, sem er þróað alfarið hjá ICEconsult og má þannig samnýta þau öflugu verkfæri sem þar eru svo sem áætlanagerð og verkefnastjórnun auk tenginga við önnur kerfi eins og t.d. landupplýsingakerfi.

Verðlaunin voru afhent 6. júní í Lúxembúrg og veitti Gunnlaugur Hjartarson framkvæmdastjóri verðlaununum viðtöku.



Göngum saman fær styrk frá LABAK

Styrktarfélagið Göngum saman fékk afhentan styrk að upphæð 1.080.000,- krónur. Fénu söfnuðu félagsmenn Landssambands bakameistara (LABAK) með sölu á Brjóstabollunni um mæðradagshelgina. Göngum saman styrkir grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini. Jóhannes Felixson, formaður LABAK, afhenti Gunnhildi Óskarsdóttur, formanni Göngum saman, styrkinn við upphaf vikulegrar göngu félagsins í Laugardalnum í Reykjavík. Göngum saman færir félagsmönnum LABAK bestu þakkar fyrir stuðninginn.



Vel heppnuð þátttaka í Nordic Game 2011

CAOZ og Plain Vanilla hlutu þróunarstyrki á tölvuleikjaráðstefnunni Nordic Game Conference 2011 sem haldin var í Malmö. Þá voru fyrirtækin CCP, Gogogic og Fancy Pants Global tilnefnd til Nordic Game-verðlauna.

Níu tölvuleikjafyrirtæki voru með á sameiginlegum bás IGI (Icelandic Gaming Industry) og Íslandsstofu. Er samdóma álit þeirra að ráðstefnan hafi heppnast mjög vel.

„Íslensku fyrirtækin vöktu verðskuldaða athygli á sýningunni, bæði vegna fjölda þeirra og fjölbreytni leikjanna sem þau framleiða,“ segir Sigurlína V. Ingvarsdóttir, formaður IGI.

„Þróunarstyrkirnir til CAOZ og Plain Vanilla endurspeglar trú norræna leikjafyrirtækisins á þennan geira á Íslandi þar sem fjöldi smærri fyrirtækja og sprota starfar við hlið eldri og stærri aðila

eins og CCP og Betware.“ Fancy Pants Global hlaut tvær tilnefningar fyrir leik sinn Maxímús Musicus, í flokki „Best childrens game“ og „Best handheld“. CCP var tilnefnt í flokki „Most artistic achievement“ fyrir EVE Online Character Creator og Gogogic hlaut tilnefningu í flokknum „Game of the year“ fyrir leik sinn Vikings of Thule.

Nordic Game er hvort tveggja sýning og ráðstefna, þar sem aðaláherslan er lögð á kynningu á fyrirtækjum innan tölvuleikjafyrirtækisins. Viðburðurinn laðar að sér fjárfesta, dreifingaraðila og fólk í faginu í leit að tækifærum hjá tölvuleikjafyrirtækjum. Íslensku fyrirtækin sem tóku þátt í Nordic Game 2011 eru Betware, Cadia, CCP, Dexoris, Fancy Pants Global, Gogogic, Locatify, Mindgames og PlainVanilla.

Nemum fjölgar í málm- og véltæknigreinum

Eitt forgangsverkefna hagsmunasamtaka í málmíðnaði um þessar mundir er að stuðla að fjölgun iðnnema í þessar tæknigreinar. All lengi hefur verið skortur á fagmönnum og því hafa fyrirtæki leitað til annarra landa og fengið þaðan marga góða iðnaðarmenn til starfa hér á landi. Enda þótt þessi leið hafi reynt vel þá er augljóst að Íslendingar verða sjálfir að koma meira að þessum störfum en treysta ekki á útlendinga þótt góðir séu. Til þess þarf að samræma atvinnustefnu landsins og uppbyggingu menntakerfisins þar sem meiri áhersla verði lögð á verkmenntakennslu í tæknigreinum svo sem stálsmiði, blikksmiði, vélvirkjun, rennismíði og málmsuðu. Þess vegna hefur iðnaðarráðuneytinu ítrekað verið bent á að þaðan verði líka að koma þrýstingur yfir til menntamálaráðuneytisins um að það geri allt sem gera þarf til að meiri fjármunir renni til verkmennta á tæknisviðinu og auk þess hvatning til verkmenntaskólanna að nýta vel það frumkvæði til aukins námsframboðs sem ný framhaldsskólalög veita skólunum. Það námsframboð verður að móta í samræmi við þarfir atvinnulífsins og kallar því á gott samstarf við fyrirtækin og fagmennina sem þar starfa.

Hugur í mönnum í Borgarholtsskóla

Slíkur samráðsfundur fór fram á dögunum með mönnum frá málmíðnaði, forsvarsmönnum og kennurum Málmdeildar Borgarholtsskóla í Reykjavík. Þar komu fram fróðlegar upplýsingar um þau verkefni sem verið er að vinna að í hinum ýmsu fyrirtækjum í málm- og véltæknigreinum. Þau eru flest tæknilega krefjandi – allt frá mjög finni og nákvæmri smíði úr ryðfríu stáli til smíði stærstu mannvirkja auk uppsetningar vélasamstæða og viðhalds skipa, véla, tækja og mannvirkja um allt land og erlendis. Fjölbreytnin er mikil og því verður undirstaðan – iðnnámið – að vera traust og skólarnir að vera færir um, með góðum kennslutækjum, góðu

namsetni og urvals kennurum, að utskrifa fagmenn sem geta gengið til þessara áhugaverðu og fjölbreyttu starfa með sömu getu og starfsfélagar þeirra í samkeppnislöndunum. Á því ríður hvort við verðum samkeppnisfær og getum nýtt öll þau fjölmörgu tækifæri til enn frekari atvinnusköpunar sem fyrir liggja.

Meiri áhugi á náminu en ...

Á fundinum komu fram áhyggjur skólanna að fjárhagslega þröng staða skólans, eins og margra annarra framhaldsskóla, leiði til þess að ekki verði unnt að taka á móti öllum þeim nemendum sem sækja um skólavist í þessum iðngreinum í haust. Upplýst var að nú á vordögum væri talsverð aukning í innritun í málgreinar og það svo að ef ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana neyðist skólinn til að vísa fólki frá námi í iðngreinum þar sem gríðarlegur skortur er framundan á fagmönnum.

Brugðist við af röskleik

Þegar þessi staða var komin upp brást skólameistari Borgarholtsskóla skjótt við og leitaði til menntamálaráðuneytisins og sagði að skólinn hefði fullan hug á að vísa engum frá sem óskaði eftir að hefja eða halda áfram námi í málm- og véltæknigreinum. Til þess þyrfti talsverða fjármuni strax til tækjakaupa og tryggingu fyrir því að ráðuneytið fjármagnaði nám þeirra sem bættust við og væri umfram þann fjölda sem hafður var til hliðsjónar við gerð gildandi skólasamnings. Skemmst er frá því að segja að ráðuneytið brást skjótt við og tryggði skólanum þá fjármuni sem hann taldi sig þurfa til að geta tekið á móti þessum viðbótarnemendum.

Þetta er vissulega fagnaðarefni og er vonandi til marks um að stjórnvöld geri sér nú betur grein fyrir þýðingu verkmennta til að efla þann hluta atvinnulífsins sem gefur mest af sér fyrir þjóðarbúið og landsmenn alla. Í þeim hópi eru málm- og véltæknigreinar.

Ingólfur Sverrisson



Orri Hauksson
formaður NSA

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins var endurskipuð á ársfundi sem haldinn var 1. júní. Orri Hauksson var kjörin formaður stjórnar og tók við af Arnari Sigurmundssyni. Guðný Hrund Karlsdóttir var kjörin varaformaður.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins var rekinn með 16 milljóna króna hagnaði árið 2010. Nýsköpunarsjóður seldi hlutafé í fjórum fyrirtækjum á árinu og var söluhagnaður 234 milljónir króna.

Í árslok 2010 átti Nýsköpunarsjóður í 35 íslenskum fyrirtækjum. Heildarvelta þessara fyrirtækja var 5.700 milljónir króna, þar af 4.500 milljónir kr. í erlendum gjaldeyri. Alls störfuðu 473 manns hjá þessum fyrirtækjum.

Í lok árs 2010 námu heildareignir sjóðsins 4.837 milljónum króna. Eignarhlutur sjóðsins í fyrirtækjum er metinn á 2.595 milljónir króna og í samlagsjóðum var kaupverð eignarhluta metið á 941 milljón króna.

Á árinu 2010 fjárfesti NSA fyrir um 700 milljónir beint í fyrirtækjum en aðrir fjárfestar komu með um milljarð. Samtals fjárfesting í fyrirtækjum tengdum Nýsköpunarsjóði var því um 1.700 milljónir.

Nýsköpunarsjóður seldi eignarhlut í fjórum fyrirtækjum á árinu, 31,6% í Hafmynd ehf., 49%, í Sjávarleðri ehf., 7%, í IceConsult ehf. og 2% eignarhlut í Marorku og á sjóðurinn enn tæp 15% í Marorku.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
06. tbl. 17. árg. Júní 2011
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðju: 29.06.2011
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Rakei Pálsdóttir
Prófaralestur: Rakei Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.



Frá samráðsfundi með mönnum úr málmíðnaði, forsvarsmönnum og kennurum málmdeildar Borgarholtsskóla



Félagsmanni SI dæmdar skaðabætur

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi 8. júní Íbúðalánasjóð til að greiða byggingafyrirtækinu Norðurvík ehf. skaðabætur vegna ólögðrar kröfu sjóðsins um bankaábyrgð samhliða lánveitingu úr sjóðnum. SI sáu um rekstur dómsmálsins fyrir Norðurvík.

Málavextir voru þeir að Norðurvík sótti í október 2008 um lán hjá Íbúðalánasjóði til að fjármagna byggingu raðhúsalengju að Lyngholti 18 til 24 í Norðurþingi.

Íbúðalánasjóður fór fram á það að fyrirtækið legði fram bankaábyrgð til tryggingar á greiðslu lánanna. Norðurvík reiddi af þeim sökum fram fjórar ábyrgðaryfirlýsingar frá Glitni banka hf. Fyrir þessara yfirlýsinga þurfti fyrirtækið að greiða bankanum 628.368 krónur.

Með bréfi 20. apríl 2010 óskuðu SI eftir því fyrir hönd Norðurvíkur að Íbúðalánasjóður upplýsti á hvaða lagagrundvelli farið hefði verið fram á umrædda bankaábyrgð. Þessu erindi var svarað

28. apríl 2010 þar sem fram kemur að stjórn Íbúðalánasjóðs hefði ákveðið 21. febrúar 2008 að taka að nýju upp skilyrði um bankaábyrgð byggingaraðila og hafi sú ákvörðun þegar tekið gildi. Um lagaheimild var vísað til 18. gr. laga nr. 44/1998 um húnæðismál, þar sem stjórninni er falið að setja reglur um veðhæfni og greiðslugetu skuldara, auk þess sem skírskotað var til þess að stefndi væri sjálfstæð ríkisstofnun.

Með reglugerð nr. 300/2006, sem tók gildi 18. apríl 2006 og sett var með stöð í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um húnæðismál, var felld úr gildi sú reglugerð er gerði það að skilyrði að byggingaraðili legði fram ábyrgð frá viðurkenndri fjármálastofnun. Með reglugerð sem tók gildi 22. apríl 2009 var síðan aftur gerð sú krafa að byggingaraðili legði fram fyrrnefnda ábyrgðaryfirlýsingu.

Héraðsdómur féllst ekki á túlkun Íbúðalánasjóðs og taldi að valdmörk

stjórnar Íbúðalánasjóðs einskorðuðust við að setja viðmiðunarreglur um veðhæfi fasteigna og greiðslugetu skuldara. Þau næðu ekki til að gera almenna kröfu til lántaka um að hann legði fram ábyrgðaryfirlýsingu frá fjármálastofnun er kæmi í stað mats á greiðslugetu hans. Samþykki stjórnar skorti því stöð í fyrrnefndri 18. gr. laga um húnæðismál. Var því Íbúðalánasjóður dæmdur til að greiða Norðurvík skaðabætur.



Fundur um opinber innkaup

Rannís og Samtök iðnaðarins stöðu fyrir fundi um möguleika til að nýta opinber innkaup sem tæki til að örva nýsköpun í samfélaginu 25. maí.

Opinber innkaup til nýsköpunar er hluti af Evrópuverkefni með þátttöku Rannís en markmið þess er að vinna að tillögum um skilvirkni nýsköpunar ásamt því að þróa mælingar á áhrifum nýsköpunar í litlum löndum.

Niðurstöður könnunar um stöðu og umfang opinberra innkaupa, sem gerð var samtímis í 6 öðrum litlum ríkjum í Evrópu, leiddi í ljós að lítið hefur reynt á það að opinber innkaup séu nýtt til þess sérstaklega að örva nýsköpun, rannsóknir og þróun í löndunum. Þó var það samhljóma álit þátttakenda að þörfin á umræðu um þennan málaflokk væri mikil, sérstaklega nú á tímum efnahagslegra erfiðleika. Opinber innkaup til nýsköpunar er hugsanlega vannýtt aðferð við að styðja við nýsköpun. Opinberir aðilar, hvort sem um ræðir ríki eða sveitarfélög, kaupa inn vörur og þjónustu frá innlendum og erlendum aðilum og gætu því, ef rétt er staðið að, beint þessum kaupum að nýsköpunarfyrirtækjum og hvatt þau til þess að koma fram með nýjar eða breyttar afurðir.

ÍAV dæmdar verðbætur

Hæstiréttur staðfesti 21. júní niðurstöðu héraðsdóms Reykjaness um rétt ÍAV til greiðslu verðbóta vegna byggingar sundlaugar og viðbyggingar við Íþróttahús á Álftanesi. Var fasteignafélagið Fasteign ehf. dæmt til að greiða ÍAV 82 milljónir króna og þar af námu verðbæturnar samkvæmt dómnum 75 milljónir króna.

Tildrög málsins voru þau að Fasteign hf. samdi við ÍAV um verkið í mars 2008 í kjölfar útboðs í desember 2007. Samningsfjárhæðin var tæpar 604 milljónir og var m.a. tekið fram í samningnum að engar verðbætur yrðu greiddar á samningstímanum. Deila fyrirtækjanna í kjölfarið snérist síðan um það hvort forsendubrestur hafi orðið á verksamningi aðila frá mars 2008 og hvort 36. gr. samningalaga yrði beitt þar sem bersýnilega hafi verið ósanngjarnt að bera fyrir sig ákvæðið í samningnum um að engar verðbætur yrðu greiddar á samningstímanum.



Taldi Hæstiréttur að ósanngjarnt væri af hálfu Fasteignar ehf. að bera fyrir sig ákvæðið í samningnum um að engar verðbætur yrðu greiddar á samningstímanum.

Dæmdar verðbætur voru þó nokkuð lægri en í dómi héraðsdóms.

Héraðsdómur hafði vísað m.a. til þeirrar niðurstöðu dómkvaddra matsmanna í málinu að óvissuástandið á byggingamarkaði á árinu 2008 vegna óvæntrar efnahagsþróunar innanlands hafi orðið til þess að fleiri byggingaraðilar með óverðbætta verksamninga, hafi fengið leiðréttingar. Í því sambandi var sérstaklega vísað til þess að SI hefðu beitt sér fyrir hönd sinna félagsmanna og samkomulag náðst við Reykjavíkurborg, einn stærsta verkkaupa landsins, um að taka upp verðbætur miðaðar við hækkun byggingarvísitölu og hafi samkomulag þess efnis verið undirritað 1. mars 2008.